

Umhverfis- og loftlagsstefna

Framtíðarsýn

Heilbrigðisstofnun Suðurlands ætlar að vera til fyrirmyndar í sjálfbærni og leggja sitt af mörkum í baráttunni við loftslagsbreytingar. Umhverfis- og loftlagsstefna HSU og framkvæmd hennar er liður í daglegu starfi HSU til að draga úr álagi á umhverfið, auka gæði og vekja áhuga á innra umhverfisstarfi. Stefnan tekur mið af þeim heimsmarkmiðum sameinuðu þjóðanna sem stofnunin hefur ákveðið að leggja áherslu á og tekur til allrar starfsemi HSU.

Yfirmarkmið

Árið 2030 er Heilbrigðisstofnun Suðurlands til fyrirmyndar í umhverfis- og loftlagsmálum, hefur dregið saman losun sína á CO₂ um 40% á stöðugildi miðað við árið 2021. Jafnframt mun stofnunin leggja sitt af mörkum við að kolefnisjafna þá losun sem enn á sér stað.

Áherslur

Stefnan tekur til samgangna, orkunotkunar, aðfanga, endurnýtingar og meðferðar úrgangs. Jafnframt mun stofnunin leitast við að kolefnisjafna losun sína meðal annars með árlegri gróðursetningu á trjám í Hekluskógi.

- Sjálfbær þróun og vernd umhverfisins er höfð að leiðarljósi í öllu starfi HSU
- Úrbætur í rekstri og þjónustu taka mið af því að lágmarka umhverfisáhrif
- Aukin meðvitund um að halda auðlinda- og efnanotkun í lágmarki
- Stöðugt unnið að því að draga úr úrgangi og stuðla að endurnýtingu og endurvinnslu
- Vistvænar samgöngur eflar í samræmi við aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar í loftlagsmálum
- Ábyrgar ákvarðanatökur og gagnsæ upplýsingagjöf í tengslum við sjálfbærni

Hlutverk og eftirfylgni

HSU fylgir lögum og reglum um umhverfismál í starfsemi sinni. HSU heldur yfirlit yfir helstu grænu lykiltölur í rekstri, skráir og vaktar árangurinn með það að markmiði að stuðla að betri nýtingu auðlinda, að draga úr soun hráefna og auka endurnýtingu og endurvinnslu. Stofnunin skilar árlega inn grænu bókhaldi til Umhverfisstofnunar.

Starfsfólk HSU þekkir og framfylgir umhverfisstefnunni og hefur hana að leiðarljósi í störfum sínum. Regluleg fræðsla um umhverfismál er fyrir starfsfólk og er það upplýst um markmið stofnunarinnar og árangur í tengslum við sjálfbærni. Sérhver starfsmaður sýnir gott fordæmi og leggur sitt af mörkum í þágu umhverfisverndar og sjálfbærrar þróunar.

Framkvæmdarstjórn eru ábyrg fyrir framkvæmd stefnunnar.

Aðgerðaráætlun HSU til ársins 2025

Áherslur	Markmið	Aðgerðir	Lokið fyrir	Ábyrgð
Samgöngur	Leitast skal við að velja umhverfisvænar leiðir í samgöngum og draga úr losun vegna aksturs á vegum stofnunarinnar um 25% frá viðmiðunar ári	Leitast skal við að halda fjarfundi eftir því sem kostur er og senda leiðbeiningar til starfsfólks	Reglulegt	Stjórnendur
		Við kaup á bifreiðum skal velja sparneytin og vistvæn ökutæki	2025 Lokið 1. apríl 2023	Fjármálastj.
		Óska skal eftir vistvænum leigubílum þegar það er möguleiki	2023 Lokið 22. maí 2022	Fjármálastj.
		Lögð er áhersla á að samnýta ferðir vegna vinnu	Reglulegt	Gæðastjóri
		Tryggja góða hjólaaðstöðu	2024 Gull hjólavottun	Fjármálastj.
		Fræðsla til starfsfólks um vistvænan akstur	Reglulegt	Gæðastjóri
Orkunotkun	Draga úr losun vegna orkunotkunar um 10% frá viðmiðunarári	Sendum út leiðbeiningar til starfsfólks um orkusparnað	Reglulegt	Gæðastjóri
		Endurnýjum ávallt perur sem hafa bestu orkunýtni á hverjum tíma	Reglulegt	Tækni- og umsjónarm.
		Allur tölvu- og skrifstofubúnaður skal vera með viðeigandi umhverfis- og orku sparandi merkingar	2023 Lokið	Fjármálastj.
		Nýtum prentský	2022 Lokið	Fjármálastj.
Aðföng	Við rekstur vegum HSU skal leitast við að velja vistvænasta kostinn hverju sinni	Velja skal umhverfismerktar vörur í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar um vistvæn innkaup	2022 Lokið	Fjármálastj.
		Allar ræstingarvörur sem notaðar eru í HSU skulu vera merktar með viðurkenndu umhverfismerki	2022 Lokið	Fjármálastj.
		Versla eingöngu við umhverfissvottuð ræstingarfyrirtæki	2022 Lokið	Fjármálastj.
		Notast skal við rammamálum Ríkiskaupa	2022 Lokið	Fjármálastj.
		Við innkaup skal tekið tillit til umhverfissjónarmiða jafnt sem kostnaðar og gæða. Ef vörur eða þjónusta eru sambærilegar að öðru leyti ber að velja þann kost sem telst síður skaðlegur umhverfinu	2023 Lokið	Tækni- og umsjónarm.
Endurnýting og meðferð úrgangs	80% af úrgangi er flokkaður til endurnotkunar og	Regluleg fræðsla um flokkun úrgangs	Reglulegt	Gæðastjóri
		Verktakar eru upplýstir um stefnu HSU í umhverfismálum og gerðar kröfur um að þeir fylgi henni eftir	Reglulegt	Tækni- og umsjónarm.

	endurvinnslu frá viðmiðunar ári	Stöðugt skal leitast við að draga úr pappírnotkun	Reglulegt	Gæðastjóri
		Öllum spilliefnum skal farga á viðeigandi hátt	Reglulegt	Tækni- og umsjónarm.
Fræðsla	Að starfsfólk sé upplýst og þekki stefnu HSU í umhverfis- og lofslagsmálum	Upplýsingapóstar ársfjórðungslega	Reglulegt	Gæðastjóri
		Farið yfir niðurstöður Græns bókhalds og árangur árlega með starfsfólki	Árlegt	Gæðastjóri
		Námskeið fyrir starfsfólk í tengslum við umhverfis- og loftslagsmál	Reglulegt	Gæðastjóri
Græn skref HSU	Uppfylla öll fimm Grænu skrefin	Markvisst unnið að Grænum skrefum og úttekt kláruð	2023 Lokið	Gæðastjóri
		Grænu bókhaldi skilað árlega	2023 Lokið	Gæðastjóri

Gæðaskjal þetta er útgefið á www.hsu.is

Samþykkt af framkvæmdastjórn þann 16. maí 2022